

Sjálfbærnistefna Íslandshótela

Útgáfa	Breytingar	Breytt af	Dagsetning	Staðfest af	Dagsetning
1.0	Nýtt skjal			Stjórn	24. janúar '24
2.0	Uppfært skjal			Stjórn	26.mars '26

Allur réttur áskilinn. Óheimilt er að afrita, vista eða dreifa þessu skjali með neinum hætti nema með skriflegu leyfi Íslandshótela hf. eða sérstakrar heimildar í lögum. Fyrirspurnir um afritun skal beina til framkvæmdastjóra Mannauðs og sjáfbærni.

Skjalið var samþykkt á stjórnarfundum sem haldinn var þann 26.mars 2026 og er undirritað af stjórn Íslandshótela:

Ólafur Torfason, stjórnarformaður

Arnar Þór Másson

Margit Robertet

Hrund Hauksdóttir

Þórólfur Jónsson

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
1.1.	Markmið	4
1.2.	Ábyrgðaraðilar	4
1.3.	Umfang	5
1.4.	Samstarf, fjárfesting og upplýsingagjöf	5
1.5.	Eftirfylgni og endurskoðun	5
2.	Lykilþættir í sjálfbærnistefnu	6
2.1.	Umhverfispættir	6
2.1.1.	Mildun og aðlögun loftslagsbreytinga	7
2.1.2.	Orka	7
2.1.3.	Úrgangur	7
2.2.	Félagslegir þættir	8
2.2.1.	Vinnuaðstæður (eigið starfsfólk)	8
2.2.2.	Jöfn meðferð og tækifæri fyrir öll	9
2.2.3.	Áhrif upplýsinga á neytendur og endanotendur	10
2.2.4.	Öryggi neytenda og endanotenda	10
2.3.	Stjórnarhættir	11
2.3.1.	Fyrirtækjamenning	11
2.3.2.	Birgjatengsl	11
2.3.3.	Siðferði	12
2.3.4.	Styrkir	12

1. Inngangur

Sjálfbærnistefna Íslandshótela skilgreinir helstu áherslur félagsins á sviði sjálfbærni og er innleidd í alla starfsemina. Félagið leggur áherslu á ábyrgan rekstur og að tekið sé mið af helstu umhverfis og félagslegum þáttum auk stjórnarháttanna (hér eftir nefnt UFS þættir) í starfsemi Íslandshótela.

Kjarninn í sjálfbærnistefnu Íslandshótela felst í því að byggja reksturinn á ábyrgum ákvörðunum sem stuðla að langtíma jafnvægi milli umhverfis, samfélags og efnahags. Félagið leggur áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum og efla jákvæð áhrif í allri starfsemi og virðiskeðju, með gagnsæi, traust og velferð starfsfólks, gesta og samfélagsins að leiðarljósi.

Sjálfbærnistefnan byggir á niðurstöðum úr tvöfaldri mikilvægisgreiningu sem félagið hefur framkvæmt en þar er lagt mat á helstu umhverfis- og samfélagsáhrif starfseminnar (jákvæð og neikvæð), sem og helstu sjálfbærniáhættar og tækifæri sem kunna að hafa áhrif á Íslandshótel og virðiskeðju þess. Stefnunni er ætlað að mynda heildstæðan ramma um sjálfbærniáherslur Íslandshótela og byggir á virku samtali við hagaðila, ábyrgð og samhæfingu við aðrar stefnur og reglur félagsins.

Til að styðja við innleiðingu þessarar stefnu setja Íslandshótel sér langtíamarkmið og mælanleg markmið á sviði sjálfbærni sem styðja við helstu UFS-áherslur félagsins. Þessi markmið eru skilgreind í langtíma- og mælanlegum sjálfbærnimarkmiðum félagsins og eru reglulega endurskoðuð og uppfærð í takt við þróun starfseminnar.

Framvinda markmiðanna er mæld og birt í árlegri sjálfbærnisráðgjafu Íslandshótela, þar sem greint er frá helstu árangursmælikvörðum, framvindu aðgerða og áframhaldandi umbótum í rekstri félagsins.

1.1. Markmið

Markmið sjálfbærnistefnu Íslandshótela er að endurspeglar helstu sjálfbærniáherslur félagsins út frá þeim UFS þáttum sem hafa mest áhrif á starfsemina. Stefnan miðar að því að greina og bregðast við sjálfbærniáhættu og tryggja að þau sjónarmið séu samþætt í stefnumótun, ákvarðanatöku og daglegum rekstri.

Stefnan stuðlar að stöðugri umbótamenningu þar sem mælanleg markmið og ábyrgð í sjálfbærnimálum eru hluti af heildarstjórnun félagsins. Íslandshótel fylgja gildandi lögum og viðeigandi leiðbeinandi viðmiðum, og leitast við að miðla upplýsingum á gagnsæjan hátt um árangur, áskoranir og framvindu í sjálfbærni.

1.2. Ábyrgðaraðilar

Forstjóri ber ábyrgð á að tryggja að regluleg endurskoðun sjálfbærnistefnunnar fari fram, alla jafna árlega en ekki síðar en á þriggja ára fresti. Stjórn ber ábyrgð á að samþykkja stefnuna og allar uppfærslur hennar.

Forstjóri og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar innan félagsins. Framkvæmdastjórn tryggja að verklag og reglur á þeirra starfssviðum séu í samræmi við stefnuna og að starfsfólk sé upplýst um efni hennar og skyldur sem af henni leiða.

Framkvæmdastjórn ber jafnframt ábyrgð á að aðrar stefnur, reglur og vinnuleiðbeiningar félagsins séu í samræmi við sjálfbærnistefnuna.

Sjálfbærnimál eru á ábyrgð Mannauðs og sjálfbærnisviðs félagsins en það svið fylgist með framgangi sjálfbærnistefnunnar, þróar markmið og aðgerðir á sviði sjálfbærni, fylgjast með árangri og undirbúa árlega sjálfbærnisráðgjafu félagsins með aðkomu annarra sviða.

1.3. Umfang

Stefnan gildir um alla starfsemi Íslandshótela hf., stjórn, stjórnendur og starfsfólk félagsins. Hún nær einnig til væntinga félagsins til birgja, verktaka og annarra samstarfsaðila í virðiskeðju félagsins eftir því sem við á.

Stefnan er yfirstefna Íslandshótela á sviði sjálfbærni. Undir hana falla siðareglur, aðgerðaáætlanir, verklagsreglur, leiðbeiningar og yfirlýsingar sem styðja við framkvæmd hennar.

1.4. Samstarf, fjárfesting og upplýsingagjöf

Íslandshótel birta upplýsingar árlega um ófjárhagsleg atriði tengd starfsemi félagsins í samræmi við lög um ársreikninga en þar er kveðið á um að félagið skuli láta fylgja með skýrslu stjórnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf í samræmi við ákvæði 66. gr. d í lögum um ársreikninga 3/2006. Til viðbótar, þá birta Íslandshótel árs- og sjálfbærnisráðgjafar sem byggir á valkvæðum upplýsingastaðli (e. Voluntary Reporting Standard for SMEs, VSME) sem Evrópusambandið hefur sett fram og horfa jafnframt til meginreglna UN Global Compact við skýrslugjöf.

Íslandshótel eru aðilar að *Glasgow Declaration on Climate Action in Tourism* and the Global Tourism Plastics Initiative og hafa þar með skuldbundið sig til að grípa til markvissra aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við markmið Parísarsamningsins. Yfirlýsingin felur jafnframt í sér skuldbindingu um stöðuga eftirfylgni, samvinnu og gagnsæi í framvindu loftslagsaðgerða félagsins.

Þá eru Íslandshótel einnig aðilar að alþjóðlegu sjálfbærnivottun Græna lykilsins (Green Key), sem er í umsjón Foundation for Environmental Education (FEE). Með vottuninni skuldbinda Íslandshótel sig til að reka starfsemi sína á ábyrgan og sjálfbæran hátt í samræmi við strangar alþjóðlegar kröfur um sjálfbæra ferðapjónustu. Vottunin felur í sér reglubundna eftirfylgni, úttektir og stöðugar umbætur á sviði umhverfisstjórnunar, auðlindanýtingar, ábyrgum innkaupum, úrgangsstjórnunar og fræðslu starfsfólks og gesta.

Íslandshótel eru einnig aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni, sem gegnir því hlutverki að efla sjálfbærni í rekstri íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til samstarfs og aðgerða á sviði sjálfbærni. iTvö hótel í eigu Íslandshótela eru byggð úr Svansvottuðum einingum. Félagið er bakhjarl í hvatningaverkefninu Ábyrg ferðapjónusta, þar sem markmiðið er að stuðla að því að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna um ókomna tíð sem styður við sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir.

Íslandshótel styðjast við öll 17 heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi markmið:



1.5. Eftirfylgni og endurskoðun


Framkvæmd sjálfbærnistefnu Íslandshótela er studd með sértækum stefnum, siðareglum, leiðbeiningum og aðgerðaáætlunum sem falla undir hana. Framvinda markmiða og aðgerða er metin reglulega og birt í árlegri sjálfbærnisráðgjafar.

Forstjóri ber ábyrgð á að tryggja að regluleg endurskoðun sjálfbærnistefnunnar fari fram, alla jafna árlega en ekki síðar en á þriggja ára fresti. Stjórn félagsins samþykkir stefnuna og allar uppfærslur hennar.

Sjálfbærnistefnan tekur gildi við samþykkt stjórnar og gildir þar til ný útgáfa hennar hefur verið samþykkt.

2. Lykilþættir í sjálfbærnistefnu

Í byrjun árs 2025 unnu Íslandshótel að tvöfaldri mikilvægisgreiningu með aðstoð ráðgjafa með það að markmiði að skilgreina áherslur og mikilvægisþætti m.t.t. kjarnastarfsemi félagsins og virðisikeðju þess. Rýnihópur Íslandshótela lagði mat á 17 sjálfbærni viðfangsefni úr nýjum sjálfbærnistaðli Evrópusambandsins (European Sustainability Reporting Standards, ESRS) út frá áhrifum, áhættu og tækifærum sem tengjast félaginu og fékk mat frá völdum hópi hagaðila (innri og ytri) um hvað væri lykil UFS áherslur félagsins. Út frá þessari greiningu, voru fimm flokkar og 9 undirflokkar taldir vera allra mikilvægastir og má sjá þá hér fyrir neðan og munu þeir liggja til grundvallar þessarar stefnu og sjálfbærniáherslna félagsins.



2.1. Umhverfisþættir

Umhverfissýfirlýsing og meginreglur Íslandshótela fela í sér að starfsemin sé rekin í sátt við náttúru og samfélag. Jafnframt mun félagið taka mið af umhverfis- og loftslagsáhættu í rekstri sínum og virðisikeðju þess. Umhverfismál eru Íslandshótelum mikilvæg, og félagið leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í starfsháttum sínum á því sviði.

Íslandshótel samþættir loftslags- og hringrásarhugsun í rekstri sínum og tekur mið af umhverfissjónarmiðum og viðeigandi áhættum við ákvarðanatöku, framkvæmdir og í daglegri starfsemi. Félagið kappkostar að lágmarka sóun og kolefnisspor með ábyrgri úrgangsstjórnun, sparnaði í vatns- og orkunotkun, vali á vistvænum lausnum og með ábyrgum innkaupum. Íslandshótel leggja áherslu á að fyrirbyggja mengun, styðja við stöðugar umbætur og nýta nýsköpun og tæknilausnir til að bæta umhverfisárangur þar sem við á. Framvinda er metin reglulega með notkun sjálfbærnihugbúnaðar sem veitir yfirsýn yfir losun, úrgang, vatns- og orkunotkun. Niðurstöður eru nýttar til að setja markmið, forgangsraða aðgerðum og tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og staðla, auk þess að styðja við vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni í samstarfi við umhverfis- og náttúruverndarsamtök.

Ferðapjónusta á Íslandi er ein mikilvægasta atvinnugreinin því er mikilvægt að hún sé rekin með virðingu fyrir náttúru, menningu og fólki. Því leggur Íslandshótel áherslu á fræðslu, nýsköpun og samstarf við starfsfólk, birgja og aðra hagsmunaaðila til að stuðla að jákvæðum umhverfisáhrifum og ábyrgri nýtingu auðlinda til framtíðar.

2.1.1. Mildun og aðlögun loftslagsbreytinga

Íslandshótel stefna á að ná langtíma kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2050 útfrá rekstri og lykilkáttum virðisreðu félagsins í samræmi við Glasgow Declaration on Climate Action in Tourism (Glasgow yfirlýsingin) sem félagið er aðili að og sem byggir á markmiðum Parísarsamningsins.

Enn fremur hefur félagið sett sér það markmið að minnka heildarlosun um helming fyrir árið 2030, miðað við grunnárið 2024. Til að ná því hyggst félagið kortleggja kolefnisspor starfseminnar, bæði í umfangi 1 og 2, sem og helstu losunarpætti í virðisreðjunni (umfang 3). Í kjölfarið grípa til markvissra aðgerða til að draga úr þeirri losun og jafna þann hluta sem ekki verður komist hjá. Félagið mun móta loftslagsaðgerðaráætlun (e. Climate Policy Framework) sem það mun vinna eftir á næstu árum og birta upplýsingar í árlegri skýrslugjöf um framvindu áætlunarinnar.

Mikilvægur hluti í rekstri Íslandshótela er að greina og meta helstu áhættur sem snúa að rekstri og virðisreðu félagsins og framkvæmir félagið því reglulegt loftslagsáhættumat til að greina helstu áhættuþætti tengt raunlægum og umbreytingaráhættum og móta aðlögunaraðgerðir sem auka viðnámsþrótt rekstrarins gagnvart slíkum áhættum.

Langtímamarkmið félagsins er efla viðnámsþrótt rekstrar Íslandshótela gagnvart loftslagstengdri áhættu með reglulegu mati á raunlegri og umbreytingartengdri áhættu og markvissum aðlögunaraðgerðum.

Framkvæmd loftslagsmarkmiða og eftirfylgni með þeim er nánar skilgreind í loftslagsaðgerðaráætlun félagsins og umhverfisyfirlýsingu og meginreglum Íslandshótela.

2.1.2. Orka

Stefna Íslandshótela er að hámarka orkunýtni í starfsemi félagsins og draga úr orkusóun með áherslu á endurnýjanlega orkugjafa, vistvænar tæknilausnir og skilvirkan rekstur. Félagið vinnur markvisst að því að draga úr orkunotkun og bæta nýtingu orku með vali á orkunýtnum tækjum, LED- og sparperum og öðrum lausnum sem stuðla að minni orkuþörf.

Í samræmi við markmið Glasgow yfirlýsingarinnar og Green Key vottunarinnar mun Íslandshótel innleiða sjálfvirk orkunýtni- og stýringarkerfi og fylgjast reglulega með orkunotkun í rauntíma til að auka skilvirkni og draga úr sóun.

Langtímarkmið Íslandshótela er að draga úr heildarorkunotkun í öllum rekstri félagsins um 15% og orkunotkun á hvern gest um 20% fyrir árið 2030 miðað við grunnárið 2024, ásamt því að auka hlut endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun félagsins.

Nánari framkvæmd aðgerða til að bæta orkunýtni og draga úr orkunotkun er skilgreind í loftslagsaðgerðaráætlun félagsins og umhverfisyfirlýsingu og meginreglum Íslandshótela.

2.1.3. Úrgangur

Stefna Íslandshótela er að viðhalda notagildi og líftíma efna, vara og auðlinda eins lengi og unnt er til að stuðla að skilvirkri nýtingu og draga úr úrgangi og umhverfisáhrifum. Félagið vinnur markvisst að því að innleiða hringrásarhugsun í rekstur sinn og draga úr úrgangi og vatnsnotkun með það að markmiði að lágmarka umhverfisrask og losun.

Íslandshótel leggja áherslu á að draga úr magni óflokkaðs úrgangs með ábyrgri úrgangsstjórnun og flokkunarkerfum sem eru aðgengileg gestum og starfsmönnum. Félagið forðast notkun einnota- eða sérpakkaðra vara þar sem því verður við komið og tryggir að allur úrgangur sé flokkaður og sendur til endurvinnslu.

Samkvæmt Glasgow yfirlýsingunni mun Íslandshótel einnig vinna með birgjum til að draga úr umbúðum og minnka umhverfisáhrif aðfanga og þjónustu. Félagið leggur áherslu á matarsóunarmælingar, ábyrg innkaup og samstarf við góðgerðarsamtök um endurnýtingu og endurúthlutun matvæla þegar því verður við komið.

Langtímamarkmið Íslandshótela er að draga úr úrgangi á hvern gest um að minnsta kosti 20% fyrir árið 2030 miðað við grunnárið 2024, ná að minnsta kosti 75% flokkunarhlutfalli úrgangs og draga úr urðun.

Nánari útfærsla á úrgangsstjórnun og hringrásarhugsun í rekstri félagsins er skilgreind í umhverfisyfirlýsingu og meginreglum Íslandshótela, yfirlýsingu félagsins um hringrásarhagkerfi, leiðbeiningum um sjálfbær innkaup og aðgerðaáætlun sjálfbærnistefnu.

2.2. Félagslegir þættir

Íslandshótel leggja áherslu á að byggja upp heilbrigt og öruggt vinnuumhverfi þar sem velferð, mannréttindi og jafnræði eru í forgangi. Unnið er markvisst gegn hvers kyns mismunun, áreitni eða einelti. Félagsleg ábyrgð er órjúfanlegur hluti af starfsemi félagsins og nær til starfsfólks, gesta, birgja og samfélagsins í heild.

Félagið leggur áherslu á gott aðgengi fyrir öll og að þjónustan henti sem flestum, þannig að allir gestir geti notið öruggrar og jákvæðrar upplifunar. Með þessum áherslum leitast félagið við að skapa jákvæð samfélagsleg áhrif og styðja við sjálfbæran vöxt til framtíðar.

Íslandshótel leggja jafnframt áherslu á jöfn tækifæri, jafnrétti, inngildingu og samstöðu á vinnustaðnum, sem endurspeglast í menningu, stefnum og verklagi innan félagsins. Með hliðsjón af framangreindu hefur félagið skilgreint tvo meginþætti sem snúa að starfsfólki annars vegar og tvo meginþætti sem lúta að neytendum og öðrum hagaðilum hins vegar.

2.2.1. Vinnuaðstæður (eigið starfsfólk)

Íslandshótel leggja áherslu á öruggar, heilnæmar og réttlátar vinnuaðstæður í samræmi við gildandi lög, reglur og alþjóðleg viðmið um mannréttindi á vinnustað. Félagið stuðlar að jákvæðu vinnuumhverfi þar sem jöfn tækifæri og gagnkvæm virðing eru höfð að leiðarljósi. Íslandshótel tryggja jöfn tækifæri fyrir allt starfsfólk. Heilsa og öryggi eru í forgangi, og félagið vinnur stöðugt að því að draga úr áhættu og efla öryggismenningu í daglegu starfi.

Vinnuvernd er órjúfanlegur hluti af rekstrarstefnu félagsins og Íslandshótel leggja metnað sinn í að byggja upp sterka öryggismenningu. Félagið tryggir reglulega áhættugreiningu, viðbragðs- og rýmingaráætlanir og aðgengi að viðeigandi öryggis-, eldvarna- og skyndihjálparbúnaði á öllum starfsstöðvum. Allt starfsfólk fær reglulega þjálfun og fræðslu í öryggis- og vinnuverndarmálum og félagið tryggir eftir bestu getu að vélar, tæki og efni stofni ekki lífi eða heilsu í hættu.

Félagið leggur jafnframt áherslu á velferð, starfsánægju og jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Íslandshótel styðja við starfsþróun og fræðslu til að efla hæfni starfsfólks og tryggja faglegan og sjálfbæran rekstur til framtíðar.

Íslandshótel hafa það að markmiði að vera eftirsóttur vinnustaður innan ferðaþjónustunnar á Íslandi og að ánægja starfsfólks mælist yfir 8,5 af 10 fyrir árið 2030 samkvæmt viðurkenndri vinnustaðarkönnun, miðað við grunnárið 2024.

Nánari kröfur og framkvæmd í tengslum við vinnuvernd, vinnuaðstæður og velferð starfsfólks eru skilgreindar í yfirlýsingu og meginreglum félagsins um vinnuvernd og öryggi, yfirlýsingu og meginreglum um jafnrétti og jöfn laun, siðareglum starfsfólks og samskiptasáttmála.

2.2.2. Jöfn meðferð og tækifæri fyrir öll

Lykiláhersla í rekstri Íslandshótela er að tryggja vellíðan starfsfólks og að tryggja réttindi þess og öryggi á vinnustað. Slíkt á einnig við um virðisþætti félagsins og því hefur verið sett skýr stefna um mann- og vinnuréttindi sem og jafnréttismál og fjölbreytileika.

Félagið leggur ríka áherslu á mannréttindi og jöfn tækifæri, í samræmi við lög og stefnu um mannréttindi og vinnuvernd. Íslandshótel hafa sett sér skýrar verklagsreglur gegn einelti, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni og ofbeldi, og tryggja að öll tilvik séu tekin alvarlega og unnin af fagmennsku og trúnaði.

Langtímamarkmið félagsins er að viðhalda vinnuumhverfi þar sem jöfn tækifæri, fjölbreytileiki og inngilding eru samþætt ráðningum, launastefnu, starfsþróun, þátttöku og daglegum samskiptum innan félagsins.

2.2.2.1. Mann- og vinnuréttindi

Íslandshótel hafa það að markmiði að virða og stuðla að vernd mannréttinda í allri starfsemi sinni og virðisþætti, í samræmi við Leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi (UNGPs) og grundvallarréttindi Alþjóðavinnuáráðs (ILO). Þetta felur í sér bann við þvingunarvinnu og barnavinnu, afnám mismununar, virðingu fyrir félagafrelsi og kjarasamningum og öruggt og heilnæmt vinnuumhverfi. Stefnan gildir um allt starfsfólk, stjórnendur, verktaka, birgja og samstarfsaðila.

Félagið innleiðir mannréttindaáreiðanleikakönnun (e. Human Rights Due Diligence, HRDD) sem felur í sér reglubundna greiningu á áhrifum, forvörnum og úrbótum, eftirfylgni með árangri og gagnsæja upplýsingagjöf. Íslandshótel tryggja sanngjörn kjör og jafnrétti í samræmi við ÍST 85 jafnlaunavottun, hlutlægt ráðningar- og framgangsferli, jafnan aðgang að þjálfun og starfsþróun og sveigjanleika í starfi þar sem unnt er. Jafnframt er lögð áhersla á virðingu og fagleg samskipti og undir engum kringumstæðum er einelti, áreitni eða ofbeldi liðið. Skýrar tilkynningarleiðir eru til staðar og tryggð er vernd gegn hefndaraðgerðum.

Í virðisþætti félagsins er gerð krafa um ábyrga stjórnarháttar birgja, þar á meðal virðingu fyrir mannréttindum og vinnuréttindum, öruggt vinnuumhverfi, sanngjörn laun og vinnutíma, umhverfisleg ábyrgð og bann við spillingu. Birgjum ber að fylgja Siðareglum birgja Íslandshótela og vinna markvisst að úrbótum ef frávik koma upp. Við alvarleg brot geta átt sér stað viðurlög eða slit á viðskiptasambandi.

Kröfur félagsins um mannréttindi og vinnuréttindi eru nánar skilgreindar í yfirlýsingu og meginreglum félagsins um mannréttindi og vinnurétt, siðareglum starfsfólks og siðareglum birgja Íslandshótela.

2.2.2.2. Jafnrétti og fjölbreytileiki

Íslandshótel leggja áherslu á inngilding og að skapa sanngjarnan og virðingarfullan vinnustað þar sem allt starfsfólk njóta jafna tækifæra, launa og meðferðar, óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Félagið hefur innleitt vottað jafnlaunakerfi (ÍST 85) sem tryggir gagnsæi og samræmi í launaákvörðunum og framkvæmir árlega launagreiningu til að greina og leiðrétta óútskýrðan launamun.

Mismunur, einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi, í hvaða mæli eða mynd sem það birtist, er ekki liðin hjá Íslandshótelum. Félagið styður við fjölbreytileika og fjölmenningu, tryggir jafnan

aðgang að ráðningum, þjálfun, endurmenntun og starfsþróun, og býður sveigjanleg starfsskilyrði þar sem því verður við komið til að stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Félagið hefur sett sér viðbragðsáætlun í samræmi við reglugerð nr. 1009/2015 og lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

Öll tilvik eru tekin alvarlega og rannsökuð á hlutlægan hátt, með áherslu á vernd þolenda, öryggi og vellíðan starfsfólks og að forðast endurtekningu. Starfsfólk getur leitað til yfirmanns, mannauðsstjóra, öryggistrúnaðarmanns eða óháðs aðila í gegnum samstarf Íslandshótela við þriðja aðila.

Félagið leggur áherslu á að stjórnendur séu fyrirmyndir í samskiptum, stuðli að virðingu og komi á framfæri skýrri afstöðu um að slíkt atferli sé óásættanlegt. Með þessum hætti stuðla Íslandshótel að öruggu, heilnæmu og virðingarfullu vinnuumhverfi þar sem öryggi, reisn og velferð eru í forgangi.

Sem hluta af jafnlaunavottun félagsins, hefur það sett sér markmið um að launamunur kynja verði aldrei meiri en 1% í launagreiningu sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85.

Nánari framkvæmd þessara áherslna er skilgreind í yfirlýsingu og meginreglum félagsins um jafnrétti og jöfn laun, yfirlýsingu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og ofbeldis, siðareglum starfsfólks og samskiptasáttmála.

2.2.3. Áhrif upplýsinga á neytendur og endanotendur

Stefna Íslandshótela er að efla traust gesta og viðskiptavina með ábyrgu og gagnsæju upplýsingaflæði. Félagið leggur áherslu á að upplýsingar um þjónustu, verð, bókunarskilmála og sjálfbærniverkefni séu skýrar, aðgengilegar og áreiðanlegar. Markmiðið er að gestir geti tekið upplýstar ákvarðanir um dvöl sína á grundvelli réttra og gagnsærra upplýsinga.

Íslandshótel leggja jafnframt áherslu á að markaðssetning og kynning á þjónustu fyrirtækisins endurspegli raunverulega upplifun gesta og byggi á staðreyndum. Félagið vinnur markvisst að því að miðla upplýsingum um starfsemi, verðlagningu og sjálfbærniaðgerðir á skýran og heiðarlegan hátt.

Félagið tryggir að öll meðferð persónuupplýsinga gesta og viðskiptavina sé í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd og trúnað. Íslandshótel vinna að því að vernda persónugreinanleg gögn með öruggum ferlum og kerfum í bókunarlausnum, vefþjónustu og öðrum rekstrarkerfum félagsins.

Langtímamarkmið Íslandshótela er að efla traust gesta og viðskiptavina með gagnsærri og ábyrgri upplýsingagjöf. Félagið stefnir að því að traust gesta mælist yfir 90% í reglulegum gestakönnunum fyrir árið 2030.

Framkvæmd gagnsærrar upplýsingagjafar og samskipta við gesti og viðskiptavini er nánar skilgreind í siðareglum starfsfólks og samskiptasáttmála félagsins.

2.2.4. Öryggi neytenda og endanotenda

Íslandshótel leggja áherslu á öryggi, heilsu og velferð gesta á öllum hótélum og starfsstöðvum félagsins. Stefna félagsins er að tryggja að allri þjónustu og starfsemi sé sinnt með hæsta stigi öryggis og fagmennsku, í samræmi við gildandi lög og reglur.

Félagið vinnur markvisst að því að viðhalda öruggum aðbúnaði, hreinum og heilnæmum aðstæðum og áreiðanlegum verklagsreglum sem miða að því að koma í veg fyrir slys og heilsutjón. Íslandshótel tryggja að allt starfsfólk fái reglulega þjálfun í öryggismálum, neyðarviðbrögðum og þjónustu við gesti til að stuðla að öruggri og ánægjulegri upplifun. Þá er einnig lögð áhersla á stöðuga endurskoðun, eftirfylgni og umbætur til að tryggja að öryggi gesta og viðskiptavina sé ávallt í fyrirrúmi.

Markmið Íslandshótela er að tryggja að öryggi og velferð gesta sé í fyrirrúmi í allri starfsemi félagsins og að viðhalda háu öryggisstigi á öllum hótélum Íslandshótela. Félagið stefnir að því að öll hótél séu með uppfærðar öryggisáætlanir og þjálfað starfsfólk sem getur brugðist hratt, faglega og af öryggi við öllum aðstæðum.

Nánari framkvæmd öryggismála og viðbragðsferla er skilgreind í yfirlýsingu og meginreglum félagsins um vinnuvernd og öryggi og innri öryggis- og neyðaráætlunum.

2.3. Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Íslandshótela hf. eru í samræmi við lög um hlutafélög og ársreikninga og taka mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja frá Nasdaq Iceland, Viðskiptaráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn félagsins hefur yfirumsjón með stefnumótun, meiriháttar ákvörðunum og eftirliti með fjárreiðum og innra eftirliti, með það að markmiði að tryggja skilvirkan rekstur og áreiðanlega fjárhagssupplýsingagjöf.

2.3.1. Fyrirtækjamenning

Stefna Íslandshótela er að byggja á sameiginlegum gildum, trausti og virðingu sem móta hegðun, samskipti og ákvarðanatöku innan félagsins. Íslandshótel leggja áherslu á jákvæða og ábyrga menningu þar sem fagmennska, samvinna, hugrekki og umhyggja eru leiðarljós í allri starfsemi félagsins.

Félagið kappkostar að skapa vinnuumhverfi þar sem starfsfólk deilir sameiginlegri sýn um gæði, þjónustulund og sjálfbærni, og stuðla þannig að sterkri menningu sem endurspeglast í ánægju gesta og trausti meðal samstarfsaðila.

Íslandshótel fylgja alþjóðlegum og innlendum lögum og reglum gegn spillingu og hvetja viðskiptavinir sína, samstarfsaðila og birgja til að gera slíkt hið sama. Gagnsæi, áreiðanleiki, samstarf og nýsköpun eru lykilþættir í nálgun Íslandshótela á efnahagslegri ábyrgð.

Markmið Íslandshótela er að starfsánægja sé yfir 8,5 af 10 fyrir árið 2030 miðað við grunnárið 2024 og að engin tilvik um siðferðisbrot eða spillingu verði staðfest innan starfseminnar.

Menning, siðferði og ábyrgir viðskiptahættir innan félagsins eru nánar skilgreindir í siðareglum starfsfólks, siðareglum gegn spillingu og verklagsreglum um upplýstrun.

2.3.2. Birgjatengsl

Stefna Íslandshótela er að tryggja ábyrga, gagnsæja og trausta samvinnu við birgja og samstarfsaðila í allri virðiskeðju félagsins. Markmiðið er að stuðla að sjálfbærum, öruggum og siðferðilega réttum viðskiptasamböndum þar sem gætt er að hagsmunum fólks, umhverfis og samfélags.

Íslandshótel leggja áherslu á að birgjar, þjónustuaðilar og undirverktakar starfi samkvæmt ábyrgum og siðferðilegum viðmiðum á sviði UFS þátta. Sérstök áhersla er lögð á að birgjar virði mannréttindi, jafnrétti og öruggar vinnuaðstæður, tryggi ábyrga meðferð auðlinda, dragi úr umhverfisáhrifum og vinni gegn spillingu og ólögmetum viðskiptaháttum. Íslandshótel gera kröfu um að helstu birgjar hafi innleitt viðeigandi stefnur og ferla til að tryggja að starfsemi þeirra og undirverktaka standist viðeigandi lög, reglur og alþjóðleg viðmið. Félagið metur reglulega lykilbirgja út frá sjálfbærni og áhættu, krefst úrbóta þar sem frávik koma upp og getur endurskoðað viðskiptasamband ef alvarleg brot eru staðfest.

Íslandshótel setja fram skýrar kröfur í samningum við birgja um siðferðilega viðskiptahætti, bann við mútum og spillingu, og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Félagið fylgist reglulega með frammistöðu lykilbirgja og krefst umbóta þar sem frávik koma upp. Lykilbirgjar (e. tier-1 suppliers)

teljast þeir birgjar sem félagið kaupir vörur eða þjónustu beint af og hafa mest vægi í innkaupum félagsins.

Langtímamarkmið Íslandshótela er að 80% lykilbirgja hafi samþykkt siðareglur birgja árið 2030 ásamt því að 70% lykilbirgja hafi verið greindir með birgjakönnun árið 2030.

Kröfur félagsins til birgja og ábyrgrar virðisikeðja eru nánar skilgreindar í siðareglum birgja og leiðbeiningum um sjálfbær innkaup.

2.3.3. Siðferði

Íslandshótel líða ekki spillingu, mútugreiðslur, svik eða ólögmæta viðskiptahætti og fylgja öllum íslenskum lögum þar að lútandi. Öll samskipti og viðskipti skulu byggjast á heiðarleika, gagnsæi og virðingu fyrir lögum.

Starfsfólki, stjórnendum og samstarfsaðilum er óheimilt að bjóða, taka á móti eða óska eftir gjöfum, greiðslum eða öðrum hlunnindum sem gætu haft áhrif á viðskiptatengsl eða ákvarðanatöku. Starfsfólk og aðrir hagaðilar geta tilkynnt grun um brot á trúnaðargrundvelli í gegnum viðurkennda tilkynningaleið án hættu á hefndaraðgerðum. Frávik frá stefnunni kunna að hafa í för með sér viðeigandi viðbrögð í samræmi við gildandi reglur og lög.

Markmið Íslandshótela er að viðhalda menningu heiðarleika, gagnsæis og ábyrgra viðskiptahátta þar sem varnir gegn spillingu og siðferðileg viðmið eru samþætt daglegum rekstri félagsins og virðisikeðju þess.

Framkvæmd siðferðilegra viðmiða og varna gegn spillingu er nánar skilgreind í siðareglum starfsfólks, siðareglum gegn spillingu og verklagsreglum um uppljóstrun.

2.3.4. Styrkir

Íslandshótel styðja fjölbreytt umhverfis – og samfélagsverkefni í samræmi við gildi félagsins og UFS-markmið. Styrkveitingar kunna að vera bæði fjárframlög og/eða vörur/þjónusta og beinast að fjórum áherslusviðum: sjálfbærni, forvörnum og félagslegum jöfnuði, samfélagsþátttöku, menningu og íþróttum og heilsu og vellíðan. Verkefni skulu samræmast viðeigandi heimsmarkmiðum SP og sýna skýr markmið, ávinning og mælanlegan árangur.

Styrkjanefnd úr hópi starfsfólks metur umsóknir samkvæmt skýrum viðmiðum en stærri framlög eru lögð fyrir stjórn til afgreiðslu. Tryggt er hagsmunaárekstralaust mat og jafnræði umsækjenda.

Markmið félagsins er að styðja við jákvæð samfélagsleg verkefni og verður greint frá í sjálfbærnisráðgjöf félagsins.

Nánari viðmið og framkvæmd styrkveitinga eru skilgreind í yfirlýsingu og meginreglum Íslandshótela um styrkveitingar.